




Ársskýrsla 2021



Orkídea





Orkídeu er ætlað að efla nýsköpun og rannsóknastarf á Suðurlandi, sér í lagi á sviði hátæknimatvælaframleiðslu og líftækni. Ætlunin er að koma á öfluggu samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf. Markmiðið er að fjölga möguleikum svæðisins til að takast á við áskoranir samtímans, auka samkeppnishæfni íslenskra afurða á alþjóðlegum markaði og gera Suðurland leiðandi í samspili orku, umhverfis og samfélags.

Mars 2021

Útgefandi: Orkídea

Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri

Helga Gunnlaugsdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri



Orkídea er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitafélaga (SASS), Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Markmið Orkídeu er að auka verðmætasköpun og greiða veg orkutengdra tækifæra, einkum á sviði matvælaframleiðslu og líftækni, með sjálfbærni að leiðarljósi.

Undirritaður og Helga Gunnlaugsdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri, hófu störf hjá Orkídeu í byrjun janúar 2021. Snemma hófst undirbúningur að stefnu- mótun fyrir verkefnið með vinnufundum með verkefnisstjórn og stjórn í byrjun árs. Niðurstaðan var skjal um framtíðarsýn, stefnu og hlutverk Orkídeu sem var afgreitt frá stjórn 25. febrúar 2021. Stefnuskjalið hefur reynst okkur öllum í Orkídeu drjúgt veganesti í mótun starfsins fyrsta árið.

Við tókum þátt í vinnu við viðskiptahraðalinn Start-Up Orkídea sem Landsvirkjun, einn af eigendum Orkídeu, hleypti af stokkunum í lok árs 2020. Vinnan með öðrum leiðbeinendum og frumkvöðlunum sjálfum var mjög gefandi og lærdómsrík. Orkídea hefur síðan reynt að sinna þeim frumkvöðlum sem tóku þátt eftir að hraðlinum lauk og hefur sú vinna verið vel þegin af hálfu frumkvöðlanna.

Starfsmenn nýs verkefnis um nýsköpun þurfa að taka púlsinn á því mikla frumkvöðlastarfi sem á sér stað á Suðurlandi. Frá upphafi höfum við lagt okkur fram við að eiga samtöl og samskipti, með heimsóknum eða fjarfundum, við fyrirtæki, frumkvöðla, stofnanir og sveitarfélög. Sóttvarnir vegna kórónuveirufaraldursins hafa takmarkað staðfundi og gripið var til fjarfunda þegar aðstæður kröfðust. Þessar heimsóknir hafa reynst ómetanlegar í að draga upp mynd af frumkvöðlastarfinu í fjórðungnum og jafnframt kynna Orkídeu fyrir hagsmunaaðilum og eigendum.

Liður í kynningaráætlun Orkídeu var skipulagning og þátttaka í viðburðum á sviði nýsköpunar. Meðal annars var var haldið málþing um græna iðngarða með SASS í maí sem og skipulagning og þátttaka í málþingi um nýsköpun í matvælaframleiðslu í Nýsköpunarvikunni í byrjun júní sl. Ennfremur héldum við alþjóðlegt málþing um jarðhita og matvælaframleiðslu með íslenska jarðhitaklasanum GEORG í júní sl. Fyrir nýtt samstarfsverkefni eins og Orkídeu skiptir meginmáli að kynna sig bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Samfélagsmiðlar og vefsíða Orkídeu hafa einnig verið nýtt vel í þessu skyni.

Eitt af verkefnum Orkídeu var að skila skýrslu um tækifæri Íslands í orkutengdri matvælaframleiðslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Sú skýrsla hefur reynst mjög vel í að bera kennsl á spennandi verkefni á áherslusviðum Orkídeu og afla nauðsynlegra samstarfsaðila.

Í lok árs ræddum við hugmyndina um Græna iðngarða við sveitarstjórnir tveggja sveitarfélaga á Suðurlandi sem búa yfir hagstæðum aðstæðum til að setja á stofn slíka iðngarða. Í ljós kom mikill áhugi á þessu málefni af hálfu sveitarfélaganna og þeirra fyrirtækja sem gætu fallið undir hugmyndafræði grænna iðngarða. Þar skiptir miklu að starfsmenn Orkídeu hafa aðgang að margvíslegri fagþekkingu og tengslum hjá sínum eigendum sem mun nýtast við vinnuna. Vinnan við þetta spennandi verkefni heldur áfram á árinu 2022.

Það ríkir mjög jákvætt andrúmsloft gagnvart markmiðum Orkídeu sem samrýmast áherslum og samfélagslegum áskorunum á landsvísu og heima í héraði. Langflestir gera sér grein fyrir að við sunnlendingar búum að mikilsverðum auðlindum í formi frumkvæðis íbúa Suðurlands, grænnar orku, þekkingar á matvælaframleiðslu, aðgangi að landi og hreinu vatni. Fólk gerir sér almennt grein fyrir að við þurfum að nýta lífrænar auðlindir okkur betur og á sjálfbæran hátt. Tækifærin eru óþrjótandi og það skiptir máli að Orkídea samhæfi krafta sína með hagsmunaaðilum til að leysa þau verkefni matvælaframleiðslu og líftækni sem við blasa, með nýtingu grænnar orku og hringrásarhagkerfi að leiðarljósi. Viðfangsefnin eru brýn og við megum engan tíma missa.

Selfossi, í mars 2022, Sveinn Aðalsteinsson

Stjórn Orkídeu 2021



Bjarni Guðmundsson



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir



Ríkarður Ríkarðsson

Verkefnastjórn Orkídeu 2021



Dagný Jónsdóttir
(til okt. 2021)



Sigurður Markússon



Eva Björk Harðardóttir
(til okt. 2021)



Björk Grétarsdóttir
(frá okt. 2021)



Þórður Freyr Sigurðsson



Áshildur Bragadóttir



Daði Már Kristófersson



Sveinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri



Helga Gunnlaugsdóttir
Rannsókn- og þróunarstjóri



Greiða leið nýsköpunar og stuðla að samvinnu

Miðla R&P til fyrirtækja, frumkvöðla og hagaðila. Aðstoð við þekkingaröflun.



Greining hindrana og benda á lausnir

Upplýsingaöflun og greining á reglugerðum og lagaumhverfi. Vinna að lausnum.



Öflun verkefna

Vinna að umsóknum í samkeppnissjóði í samvinnu við frumkvöðla og fyrirtæki.



Umsjón nýsköpunarverkefna

Verkefnastjórn í nýsköpunar- og rannsóknarverkefnum.



Söfnun og greining upplýsinga

Upplýsingasöfnun um innviði og greiningar, þarfir fjárfesta o.fl.



Samvinna um þróunarverkefni á landsvísu

Samvinna við önnur rannsóknar- og nýsköpunarverkefni um land allt.

Janúar

- 15. Vinnuaðstaða tilbúin
- 20. Heimsókn á starfstöð LbHÍ að Reykjum í Ölfusi
- 20. Stefnumótun hafin með verkefnastjórn og stjórn Orkídeu
- 21. Heimsókn til sveitarstjóra Ölfus og Ölfus cluster
- 26. Startup Orkídea - Yfirferð umsókna í viðskiptahraðalinn
- 29. Kynningarefni Orkídeu tilbúið t.d. vefsíða, glæsur, LinkedIn og samfélagsmiðlar

Mars

- 4. Heimsókn til sveitarstjóra Árborgar
- 4. Kynning á Orkídeu á Sunnlenska.is
- 8. Heimsókn til Sölufélags Garðyrkjumanna og rætt við framkvæmdastjóra
- 9. Kynning á Orkídeu hjá Rotaryklúbbi Selfoss
- 16. Heimsókn til VAXA – Impact Nutrition við Heilishéiðarvirkjun
- 17. Grein um Orkídeu í Dagskránni
- 18. Heimsókn til Háskólafélags Suðurlands og Markaðsstofu Suðurlands
- 19. Þátttaka í fjárfestafundi Startup Orkídea
- 23. Heimsókn til sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- 25. Heimsókn til sveitarstjóra og oddvita Bláskógarbyggðar
- 26. Heimsókn til Friðheima
- 26. Viðtal um Orkídeu í Samfélaginu í nærmynd á RÚV

Maí

- 3. Heimsókn til sveitarstjóra og oddvita Skaftárhrepps auk fyrirtækja í sveitarfélaginu
- 4. Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins Hornafjarðar, heimsókn í Nýheima og í matvælafyrirtæki á Hornafirði
- 10. Fjarfundur með sveitarstjórnarmönnum Flóahrepps
- 17.-18. Heimsókn starfsmanna Orkídeu og Landsvirkjunar á starfsvæði Eims á Norðurlandi
- 21. Vefráðstefna um græna iðngarða í samvinnu við SASS
- 27-28. Heimsókn starfsmanna Eims og Bláma á starfsvæði Orkídeu á Suðurlandi
- 28. Kynning Orkídeu á ársfundi LbHÍ



Janúar - júní 2021

Febrúar

- 3. Heimsókn til sveitarstjóra Hveragerðis
- 9. Heimsókn frá þingmönnum Pírata
- 12. Heimsókn í Breið þróunarfélag á Akranesi
- 15. Heimsókn í Ártanga garðyrkjustöð og rætt við Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubónda og formann Bændasamtaka Íslands
- 15. Fjarfundur með IGS Growth Solutions
- 16. Fundur með forstjóra Matvælastofnunar
- 16. Mentorfundir með teyimum í Startup Orkídea
- 23. Heimsókn, kynning og skoðun á framleiðslu Sæbýlis ehf. - ræktun á sæeyrum
- 23. Stefna og hlutverk Orkídeu samþykkt af stjórn
- 25. Grein um Orkídeu í Bændablaðinu
- 26. Þátttaka í vinnustofu Startup Orkídea og mentorar fyrir teymin

Apríl

- 16. Heimsókn til sveitarstjóra, oddvita og fulltrúa Landgræðslunnar í Rangárþingi ytra
- 16. Heimsókn til matarfrumkvöðla í Þykkvabæ
- 20. Heimsókn til sveitarstjóra og oddvita Hrunamannahrepps
- 20. Heimsókn til Flúðasveppa
- 21. Skrifað undir samstarfssamning við Matis
- 23. Frétt á heimasíðu Matis um undirritun samstarfssamnings

Júní

- 1. vefráðstefna Orkídeu í Nýsköpunarviku í samvinnu við Landsvirkjun
- 2. Nemendaverkefni hófst um undirbúning vefsíðu fyrir fjárfesta (Invest South)
- 7. Þátttöku í Design Thinking nýsköpunarnámskeiði lokið
- 8. Fundur Orkídeu með háskólaráði LbHÍ
- 11. Þátttaka í Fjárfestingadegi viðskiptahraðalsins Hringiðu
- 21. Áfangaskýrsla Orkídeu um „Tækifæri í orkutengdri matvælaframleiðslu“ skilað til ANR
- 29. Alþjóðleg vefstofa/Webinar Orkídeu, GEOforFOOD, í samvinnu við Geothermica
- 30. Fundur um möguleika landeldis með Bjarka Má Jóhannssyni hjá GeoSalmon

Júlí

5. Gengið frá samningi vegna styrks úr Lóu til verkefnisins Nýsköpunargarður
6. Heimsókn á starfsstöð Matis í Reykjavík
7. Kynning á áherslum Orkídeu fyrir pólskan hóp sem var að kynna sér samfélagslega nýsköpun
8. Kynningarefni um Orkídeu á ensku tilbúið og birt á LinkedIn
13. Fundur með bæjarstjóra Hveragerðisbæjar um möguleika á votrymsaðstöðu fyrir frumkvöðla

September

1. Fjarfundur með starfsmönnum Varmaorku
13. Fjarfundur með starfsmönnum EFLU
- 7.-21. Kynningar á Orkídeu fyrir frambjóðendur Suðurkjördæmis vegna Alþingiskosninga
23. Heimsókn til Sölufélags Garðyrkjumanna
23. Grein um skýrslu Orkídeu „Tækifæri í orkutengdri matvælaframleiðslu“ birt í Bændablaðinu

Nóvember

1. Fundur með starfsmönnum Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (RML) á Selfossi
2. Hrafnhildur Árnadóttir hefur störf hjá Orkídeu í verkefni um frostþurrkun
9. Fjarfundur með Benedikt Benediktssyni framleiðslustjóra SS
12. Fundur með stjórn Orkídeu og garðyrkjubændum í Reykholti
15. Samningur við Matvælasjóð um hagkvæmisathugun á miðlægu frostþurrkunarveri
16. Fundur með SASS og sveitarstjórnarmönnum Rangárþings ytra um grænan iðngarð
17. Fjarfundur með Birni Gunnarssyni vöruþróunarstjóra MS
17. Fjarfundur með Kate Orchard o.fl. hjá Baringa Partners UK vegna orkuverkefna á Suðurlandi
18. Fundur á Hvanneyri um framtíðarsýn fyrir nýsköpunarsetur háskólasamfélagsins á Vesturlandi
25. Tilkynnt um sóknarstyrk frá Rannís vegna Bio-Central Horizon Europe umsóknar Orkídeu

Ágúst

23. Fundur með sérfræðingum við Háskólann í Bonn og Háskólann í Köln um beina nýtingu jarðhita á Íslandi
24. Heimsókn til frostþurrkunarfyrirtækisins Fersk þurrkun í Þorlákshöfn
25. Vinnufundur með starfsmönnum Eims, Bláma og Landsvirkjunnar um sameiginleg verkefni
27. Kynningarefni um Orkídeu á ensku birt á Funding & tender Portal hjá rannsóknarsjóði Evrópu

Október

6. Skilað inn umsókn í Horizon Europe -Stuttheiti umsóknar er Bio-Central
11. Drög að efni fyrir vefsíðuna Invest South tilbúin
14. Heimsókn í Gunnbjarnarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
15. Heimsókn í Þekkingarsetur Vestmannaeyja, fundur með bæjarstjóra og nokkur fyrirtæki í Eyjum heimsótt
18. Heimsókn til sveitarstjóra og oddvita í Rangárþing eystra
20. Styrkur fékkst til að halda ráðstefnu um nýsköpun í matvælaframleiðslu í samvinnu við Lbhí
27. Hrafnhildur Árnadóttur ráðin tímabundið til að vinna hagkvæmisathugun fyrir miðlægt frostþurrkunarver
27. Þátttaka í vinnufundi Matis og Ölfus Cluster um fiskeldi þ.m.t. landeldi á norðurlóðum
29. Fundur með Julie Encausse framkvæmdastjóra Marea

Desember

6. Vinnu- og kynningarfundur með fulltrúum sveitarstjórnar í Rangárþingi ytra um þróun græns iðngarðs
7. Leiðarabjálfun fyrir frumkvöðlaráðgjafa á vegum RATA ehf.
13. Heimsókn á Eyrarbúið Þorvaldseyri
13. Fjarfundur með sveitarstjóra og oddvita Mýrdalshrepps
15. Kynningarfundur um þróun græns iðngarðs í Reykholti með garðyrkjubændum og sveitarstjórnarfólki
17. Fundur með Birni Gunnarssyni þróunarstjóra MS

Júlí - desember 2021



14

kynningar
eða fyrirlestrar

49

Fréttir á vefsíðu
Orkídeu

1

umsókn
í Horizon Europe



14. maí 2021

Bleikjueldi á
Klaustri með mikla
möguleika

49

heimsóknir til
fyrirtækja
og hagaðila



16. nóvember

Öflugur ylræktarklasi
í Reykholti
Biskupstungum

3

ráðgjöf í
viðskiptahröðlum/
lausnamótum



27. desember 2021

Öflug kornrækt
á Þorvaldseyri

103
birtingar á
samfélagsmiðlum

11
umsóknir
í samkeppnissjóði



24. nóvember 2021

Meiri verðmætasköpun
með aukinni fullvinnslu
sjávarfangs í
Vestmannaeyjum

6
Fréttir í ljósvaka-
eða prentmiðlum



Asturvegur 56
800 Selfoss
orkidea@orkidea.is
www.orkidea.is